RANNSÓKNARRÁÐ UMFERÐARÖRYGGISMÁLA

RANNUM

# SKYNDIHJÁLP Í GRUNNSKÓLUM

## SLYS GERA EKKI BOÐ Á UNDAN SÉR

JANÚAR 2004

# Formáli

Könnun á skyndihjálparkennslu í grunnskólum er lokið. Verk þetta hefur verið unnið s.l. tvö ár og hefur fjöldi aðila tekið þátt í verkefninu og lagt því lið á marvíslegan hátt. Öllum þessum aðilum er þakkaður stuðningurinn og góð samskipti á síðustu misserum. Eitt af markmiðum könnunarinnar er að greina hversu mikil **skyndihjálp er kennd í íslenskum grunnskólum.** Þær niðurstöður liggja nú fyrir og geta menn nú lagt mat á hvar og hvernig má gera betur. Þess er vænst að niðurstöður könnunarinnar efli þátt skyndihjálpar og stuðli að aukinni skyndihjálparkunnáttu almennings. Að þær styrki það uppbyggingarstarf sem fer fram og stuðli að markvissara starfi innan skólakerfisins sem og á vinnumarkaði almennt. Það er margsannað að rétt viðbrögð vegfarenda á slysstað geta skipt sköpum um líf eða dauða þeirra sem slasast. En það er ekki nóg að vita um þessa staðreynd heldur verða menn að gera eitthvað í því að afla sér þeirrar þekkingar sem er nauðsynleg. Við bregðumst ekki við eftir á því eins og segir í slagorðinu, **slys gera ekki boð á undan sér.**

Könnun á skyndihjálparkennslu í grunnskólum var unnin með tilstyrk frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála. (Rannum). Rannsóknarráð umferðar-öryggismála var stofnað í lok árs 2001 og voru stofnendur allar helstu stofnanir og félagasamstök er starfa á sviði umferðarmála á Íslandi. Rannum hefur styrkt frá 2002 fjölda rannsóknarverkefna sem öll hafa það að markmiði að bæta umferðarmenninguna, fækka umferðarslysum og draga úr afleiðingum þeirra. Rannum eru hér með færðar bestu þakkir fyrir góðan stuðning og gott samstarf s.l. tvö ár.

**Fyrir hönd könnunaraðila**
Sigurður Arnar Sigurðsson
Verkefnisstjóri.

**“Betra er að kunna skyndihjálp og þurfa þess ekki
en að þurfa þess og kunna ekki.”**

(Guðmundur Þorsteinsson 2000:1)

## Útdráttur

Þátttaka í könnuninni var ágæt. Svar barst frá tæplega 70% starfandi grunnskóla eða frá 134 skólum af 192 alls. Ljóst er af þeim niðurstöðum sem fengust að skólafólk vill gera skyndihjálp góð skil í skólakerfinu. Tæplega 90% skóla telja áhuga vera fyrir hendi í sínum skóla til þess að gera skyndihjálpinni góð skil. Þeir örfáu sem ekki töldu aðstæður eða áhuga vera fyrir hendi tilgreindu að annir og álag vegna annarra greina vera ástæðuna. Athyglisvert er að skipulögð skyndihjálparfræðsla fer aðeins fram í 72 skólum sem tóku þátt í könnuninni eða 55% tilvika. Þar af er skyndihjálpin aðeins skilgreind sem verkefni í skólanámskrá í 30% tilvika. Skyndihjálp er helst kennd í lok grunnskólans þ.e. í 10. bekk. Ekki eru bein tengsl á milli þrepa- og áfangamarkmiða í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla og kennslu í skyndihjálp ef marka má niðurstöður könnunarinnar. Þá telja aðeins 40% þátttakenda í könnuninni að skólinn þeirra kenni skyndihjálp í samræmi við aðalnámskrá fyrir grunnskóla.

Þátttakendur í könnuninni áttu í mestum vandræðum með að svara spurningum tengt notkun á námsefni í skyndihjálp og slepptu hlutfallslega flestir að svara þeim spurningum. Ástæður þess voru einkum þær að svarendur þekktu ekki til námsefnisins og höfðu litla reynslu af því. Það er mat skólamanna að góð grunnþekking sé mikilvæg fyrir þá sem taka að sér að kenna skyndihjálp og sú reynsla verði enn mikilvægari eftir því sem ofar dregur í skólakerfinu. Niðurstaðan var þó sú að námsbækurnar hefðu almennt reynst ágætlega en endurnýja þyrfti myndbönd.

Mjög fáir skólar (13%) hafa sent kennara á leiðbeinendanámskeið RKÍ í skyndihjálp og fjölmargir höfðu ekki hugmynd um að þau námskeið væru í boði yfirleitt. Þá hafa 40 skólar eða um 31% þátttakenda haldið skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk sitt s.l. tvö ár. Heldur færri höfðu haldið námskeið í sálrænni skyndihjálp eða 25%. Áhugi er þó fyrir hendi í að halda slík námskeið en um 90% þátttakenda hafa áhuga á að halda slíkt námskeið fyrir starfsfólk sitt og telja slíka fræðslu mikilvæga.

Nauðsynlegt er að endurskoða kynningarleiðir á námsefni og hvernig upplýsingum um skyndihjálp er komið til kennara. Að mati þátttakenda eru heimsóknir í skóla

áhrifaríkastar. Þá þarf skyndihjálp að vera hluti af kennaramenntun en undirbúningur kennaranema er á skornum skammti hvað varðar þennan þátt.

Staða skyndihjálpar hefur ekki styrkst eftir tilkomu nýrrar Aðalnámskrár fyrir grunnskóla árið 1999 en þá var hún felld undir námsgreinina lífsleikni. Þrátt fyrir þá skoðun þátttakenda að staða skyndihjálpar hafi versnað (31%) eða í besta falli staðið í stað (41%) eftir þessar breytingar þá telja fleiri en færri að rétt sé að halda skyndihjálpinni undir lífsleikni en ekki hafa hana sem sér valgrein. Mjög skiptar skoðanir eru þó um þetta atriði.

Fjöldi ábendinga kemur fram í könnuninni hvernig mögulegt sé að efla þátt skyndihjálpar í skólakerfinu og fræðslu til almennings almennt. Sú afstaða kemur skýrt fram að mikilvægt sé að grunnskólarnir, heilsugæslan og Rauði kross Íslands svo og aðrir sem áhuga hafa taki upp aukið samstarf. Á þann hátt sé líklegast að ná árangri.

Ein megin niðurstaða þessarar könnunar er þó sú að áhugi er fyrir skyndihjálp í skólakerfinu og skilningur fyrir mikilvægi þess að allir geti veitt fyrstu hjálp þegar á reynir. Fræðsla til almennings er ekki verk eins aðila eða stofnunar heldur samstarf fjölda aðila. Samstarf um eitthvað sem skiptir alla máli. Samstarf um að kenna skyndihjálp.

# Inngangur

Skyndihjálp hefur fylgt Íslendingum um langan tíma og mörg þrekvirkin verið unnin í gegnum tíðina. Gildi skyndihjálparþekkingar hefur marg sannað sig bæði hér heima og erlendis. Þá hefur margur nemandinn haft það á orði við lestur á íslenskum fornbókmenntum þar sem lýst er sögufrægum bardögum að þar hafi heldur betur verið þörf á skyndihjálparþekkingu. Slíkri þekkingu er þó ekki gert hátt undir höfði enda voru fornir höfðingjar s.s. Gísli Súrsson og Gunnlaugur Ormstunga engir venjulegir menn. Elstu heimildir um skyndhjálparfræðslu fyrir almenning tengjast sjósókn enda var sjómennska lífæð þjóðarinnar. Þessi nálægð við sjóinn gerði mönnum grein fyrir mikilvægi þess að geta brugðist strax við þegar vá bar að.

## Fjölgun slysa

Slysum fjölgaði mikið í lok 19. aldar einkum í löndum þar sem iðnvæðing var vel á veg komin. Bylting í samgöngum og samgöngutækjum leiddi til breyttra aðstæðna og aukins hraða. Þetta leiddi til fleiri og alvarlegri slysa á fólki í öllum aldurshópum. Sama þróun átti sér stað hér þegar líða tók á öldina. Sérstaða Íslands lá þó helst í því hversu nálægðin var mikil við sjóinn. Fjölmargir telja t.a.m. sundkunnáttu almennings og færni til að bjarga fólki frá drukknun betri hér á landi en í flestum öðrum löndum. Í þessu samhengi má segja að áhersla skólakerfisins á sundkennslu tengist með óbeinum hætti fræðslu í skyndihjálp. Síðustu árin hefur fjölgun slysa ekki síst legið í umferðarslysum og samkvæmt framtíðarspá alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) þá eru umferðarslys að verða eitt af helstu heilbrigðisvandamálum nútímans. Afar brýnt er talið að stórefla kunnáttu almennings í fyrstu hjálp svo fólk geti brugðist rétt við á neyðarstundu. Þá hefur það sérstaklega vakið ugg varðandi Ísland hversu tíð slys á börnum eru hér á landi. “...tilfellið er að Íslendingar eiga Norðurlandamet í slysum og dauðaslysum á börnum almennt og það þrátt fyrir þá staðreynd að nánast hvergi í heiminum eru lífslíkur þessara sömu barna eins miklar frá getnaði og fram að fæðingu.” (Unnur María Sólmundardóttir – Skólavarðan 7. tbl. 2002).

**Upphafið**

Frumkvöðull að kennslu í skyndihjálp var þýskur læknir að nafni Johann Friederich Esmarch. Árið 1882 hélt hann fyrsta formlega námskeiðið í skyndihjálp svo vitað sé um. (Margrét Guðmundsdóttir 2000:59)

Þetta sama ár gaf Johann Friederich Esmarch út fyrstu skyndihjálparbókina sem ætluð var leikmönnum. Í formála að bókinni segir höfundur "Ég ætlaði mér aðeins að gefa mönnum leiðbeining um það, hvernig rétt er sé að hjálpa, þangað til næst til læknis, svo eigi hljótist tjón af biðinni" (Margrét Guðmundsdóttir 2000:59)

Fyrsta íslenska bókin sem flokka má sem leiðsögn fyrir almenning í skyndihjálp kom út 1884 og höfundur hennar Jónas Jónassen landlæknir. Jónas þýddi ári síðar skyndihjálparbók Esmarch og hvatti til þess að hún yrði kynnt í heimahúsum sem í alþýðuskólum. (Rauði kross Íslands 2000)

Fyrsta námskeiðið í skyndihjálp fyrir íslenskan almenning var haldið að frumkvæði stjórnar Rauða kross Íslands í Reykjavík árið 1925. Leiðbeinendur voru tveir læknar þeir Gunnlaugur Einarsson og Ólafur Gunnarsson. (Rauði kross Íslands 2000)

**Skyndihjálp kennd**

Í framhaldi af þessu fyrsta skyndihjálparnámskeiði voru haldin fleiri námskeið fyrst í Reykjavík og á Akureyri og síðar víðsvegar um land. T.d. var fyrsta skyndihjálparnámskeiðið á Akranesi haldið fyrir sjómenn að hausti árið 1926. (Ársskýrsla Rauða kross Íslands 1926-1927) (Margrét Guðmundsdóttir 2000:60)

Í Gjörðabók skólanefndar Barnaskóla Akraness fyrir skólahald á árinu 1927 má finna heimildir um fræðslu fyrir ungmenni í fyrstu hjálp. "Þá var ungmennum leiðbeint um hvernig hjálpa megi sér eða öðrum ef illa vill til." (Gjörðabók Barnaskóla Akraness 1927)

**Þegar á reynir**

Björgun mannslífa á sér stað á hverjum einasta degi. Fréttir af slysum og þekking í að veita fyrstu hjálp er fréttaefni fjölmiðla flesta daga. Finna má fjölda frásagna hvernig

ungir sem aldnir hafa komið til hjálpar og veitt hjálp þegar á reyndi. Dæmi um þetta er frétt á baksíðu Morgunblaðsins laugardaginn 27. des. 2003 af slysi á Flateyri þegar ungur drengur var nær drukknaður í sundlaug bæjarins....”Þegar hún ætlaði að sækja Róbert Mána var verið að blása í hann lífi á sundlaugarbakkanum. Fyrstu viðbrögð skipta öllu máli segir Íris og skiptust tveir úr fjölskyldunni á að gera á honum lífgunartilraunir...” (Morgunblaðið 27.12.2003:Baksíða)

Skyndihjálp er eitthvað sem allir verða að kunna. Þekking sem er ómissandi fyrir alla aldurshópa því slys gera ekki boð á undan sér. Þú veist aldrei hvenær kemur að þér að veita aðstoð eða þiggja hana frá samferðarmönnum. Anna Þrúður Þorkelsdóttir fyrrverandi formaður Rauða kross Íslands útskýrði mikilvægi skyndihjálpar svo við útgáfu nýrrar skyndihjálparbókar. “Líkja má aðhlynningu og flutning slasaðra við keðju þar sem sá sem veitir skyndihjálp er fyrsti hlekkur keðjunnar. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Þess vegna stuðlar þekking í skyndihjálp að betra og öruggari samfélagi.” (Anna Þrúður Þorkelsdóttir 2000)

Í einni af kennslubókum Rauða kross Íslands, Skyndihjálp og endurlífgun er spurt hvað sé fólgið í skyndihjálp. Þar segir m.a. “Skyndihjálp er fyrsta aðstoð sem veitt er slösuðu eða bráðveiku fólki. Skyndihjálp kemur ekki í stað viðeigandi læknishjálpar. Hún er aðeins bráðabirgðahjálp sem veitt er þar til viðeigandi læknishjálp fæst, ef hennar er þörf, eða þar til bati án læknishjálpar er tryggður.” (Guðmundur Þorsteinsson 2000:1)

**Opinberar kröfur um kennslu í skyndihjálp**

Yfirvöld menntamála leggja fram kröfur og leiðsögn fyrir skóla í s.k. Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Í henni er kveðið á um hvað, hvernig og hversu mikið skuli kennt í skólunum. Viðmiðunarstundaskrá segir til um hvernig heildarkennslutíma er skipt niður á einstakar kennslugreinar. Hún segir m.ö.o. til um vægi námsgreina innbyrðis, hver sé lámarkskennslan og hvað nemandinn á rétt á að fá í hverri námsgrein fyrir sig. Viðmiðunarstundaskráin bindur að hluta þann lágmarkstíma sem kenna skal í íslenskum grunnskólum en skólarnir hafa sjálfir ráðstöfunarrétt yfir hluta tímans og eykst það eftir því sem ofar dregur. Í 1.-8. bekk er þetta svigrúm 12% heildartímans en fer upp í 30% í 9.-10. bekk. (Aðalnámskrá grunnskóla 1999:30)

**Viðmiðunarstundaskrá**

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla er alls sjö kennslustundum á viku varið til kennslu í lífsleikni í 4.-10. bekk en skyndihjálp fellur undir þá námsgrein. Þetta er 2% af bundnum kennslustundum. (Aðalnámskrá grunnskóla 1999:29)

Þó verður að geta þess að það er val stjórnenda í hverjum skóla fyrir sig hvort þeir nýta þann möguleika að bæta við kennslustundum í lífsleikni. Einnig geta aðrar námsgreinar tengst viðfangsefnum lífsleikninnar þannig að sá tími sem hér er skilgreindur þarf ekki að gefa rétta mynd af því sem gengur og gerist í skólakerfinu. Þessar skilgreiningar gefa hins vegar upplýsingar um þær opinberu kröfur sem kveða á um lágmarkstíma.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum lífsleiknitímum í 1.-3. bekk. Greinabundið nám hefst vanalega ekki fyrr en í 4. bekk og því má segja að kennsluhættir sem flokka megi sem lífsleikninám séu almennt við líði í yngstu bekkjunum. (Aðalnámskrá fyrir grunnskóla, lífsleikni 1999:5)

**Lífsleikni**

Hvað felst svo í námsgreininni sem nefnd er lífsleikni. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1999 segir í sérstöku hefti um lífsleikni bls. 6. “Námsgreinin lífsleikni á að efla alhliða þroska nemandans. Það felur m.a. í sér að nemandinn geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann efli félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Auk þess verður að leitast við að styrkja áræði hans, frumkvæði, eðlislæga sköpunargáfu og aðlögunarhæfni til að takast á við kröfur og áskoranir í daglegu lífi.” (Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni 1999:6)

**Þrepa-, áfanga- og lokamarkmið**

Í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla er markmiðum fyrir hverja námsgrein skipt upp í þrepamarkmið fyrir hvern bekk, áfangamarkmið við lok 4. , 7., og 10. bekk og lokamarkmið fyrir nám í grunnskóla. Til þess að vita um hverjar kröfurnar eru og hvernig þær tengjast skyndihjálparfræðslunni er nauðsynlegt að skoða þessi markmið betur. Eftirfarandi markmið má tengja við skyndihjálpina.

- Í þrepamarkmiðum fyrir 4. bekk segir: Nemandi: geri sér grein fyrir hættum á heimili sínu og í nágrenninu. (Aðalnámskrá grunnskóla lífsleikni 1999:14)
- Í áfangamarkmiði við lok 4. bekkjar segir. Nemandinn á að: geta bent á slysagildrur í umhverfinu, á heimilinu og þekki varasöm efni sem þar kunna að vera geymd. (Aðalnámskrá grunnskóla lífsleikni 1999:13)
- Í þrepamarkmiði fyrir 7. bekk segir. Nemandi: viti hvert á að leita þegar hætta steðjar að og hvernig á að bregðast við hættuástandi. (Aðalnámskrá fyrir grunnskóla lífsleikni 1999:19)
- Í áfangamarkmiði fyrir lok 7. bekkjar segir. Nemandi á að: þekkja til helstu atriða slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum. (Aðalnámskrá grunnskóla lífsleikni 1999:16)
- Í þrepamarkmiði fyrir 10. bekk segir. Nemandi: hafi lært um rétt viðbrögð á slysstað og hjálp í viðlögum. (Aðalnámskrá grunnskóla lífsleikni 1999:24)
- Í lokamarkmiðum lífsleikni fyrir grunnskóla segir. Nemandi: verði meðvitaður um ýmsar hættur og slysagildrur í umhverfi sínu og viðbrögð við þeim, svo sem í umferðinni og á heimilum, og hættur og hamfarir í náttúrunni. (Aðalnámskrá grunnskóla lífsleikni 1999:12)
- Í Aðalnámskrá grunnskóla hefti um íþróttir-líkams-og heilsurækt er einnig komið inn á kennslu í skyndihjálp. Þar segir m.a. í þrepamarkmiðum fyrir 10. bekk. Nemandinn læri helstu atriði skyndihjálpar s.s. – að stöðva blæðingu, - að beita þrýstingi og kælingu eftir högg á vöðva, - að koma sjúklingi í læsta hliðarlegu. (Aðalnámskrá grunnskóla íþróttir-líkams-og heilsurækt 1999:51)
- Í þrepamarkmiðum um skólasund fyrir 8. bekk segir. Nemandi: -þjálfist áfram í helstu atriðum sem snúa að björgun úr vatni og endurlífgun. . (Aðalnámskrá grunnskóla íþróttir-líkams-og heilsurækt 1999:87)
- Í þrepamarkmiði um skólasundi fyrir 10. bekk segir. Nemandi: -læri og tileinki sér helstu atriði skyndihjálpar, sérstaklega þau sem snúa að björgun frá drukknun. (Aðalnámskrá grunnskóla íþróttir-líkams-og heilsurækt 1999:91)
- Þá er á nokkrum stöðum komið inn á þætti er tengjast öryggisatriðum í þrepa, áfanga og lokamarkmiðum fyrir íþróttir-líkams-og heilsurækt í grunnskóla. . (Aðalnámskrá grunnskóla íþróttir-líkams-og heilsurækt 1999)

**En hvert er vandamálið?**

Á síðustu árum hafa komið fram vísbendingar um að skyndihjálparkunnáttu almennings sé ábótavant. Að þessi vankunnátta hafi valdið ennfrekari skaða og jafnvel dauða þeirra sem orðið hafa fyrir slysi. Þessi viðhorf hafa ekki bara komið fram erlendis hjá læknum, sjúkraflutningamönnum, lögreglu og rannsóknaraðilum heldur einnig hér á landi. Í ársskýrslum Rannsóknarnefndar umferðarslysa hefur verið bent á að skyndihjálparkunnáttu Íslendinga sé ábótavant. Í ársskýrslu nefndarinnar er t.a.m. gerðar eftirfarandi athugasemdir og ábendingar vegna banaslysa í umferðinni árið 1999. “Þegar alvarleg slys eiga sér stað eru vegfarendur oft fyrstir til aðstoðar og aðhlynningar á vettvangi. Almenn kunnátta í skyndihjálp getur þá reynst dýrmæt, meðan beðið er eftir lögreglu, sjúkraflutningamönnum og læknum. Í nokkrum málum sem rannsóknarnefndin hafði til yfirferðar árið 1999 hefðu nærstaddir átt að bregðast við með öðrum hætti en raun varð á. Kunnáttu almennings á Íslandi í skyndihjálp virðist ábótavant og er brýnt verkefni að að ráða á því bót. Leggur nefndin því til við embætti Landlæknis og yfirvöld heilbrigðismála að ráðist verði í fræðsluherferð þar sem kynnt verði almenningsnámskeið í skyndihjálp og mikilvægi þess að hafa yfir að ráða grundvallarfærni í meðferð sjúkra og slasaðra. Þetta gæti orðið liður í endurbótum á skipulagi á viðbúnaði þjóðfélagsins í heild vegna slysa (trauma system) sem nefndin gerði tillögur um í síðustu skýrslu sinni.” (Rannsóknarnefnd umferðarslysa 2000:20)

Það að almennri kunnáttu í skyndihjálp sé ábótavant er með öllu óásættanlegt svo ekki sé nú rætt um kunnáttu fagstétta s.s. kennara, íþróttaþjálfara, tómustundafulltrúa og annarra sem vinna með börnum og unglingum.

“Mér væri ekki rótt sem foreldri að vita að kennari, sem sér um kennslu í beitingu verkfæra og færni með rafmagnsvélar, væri ekki undir það búinn að veita lágmarks skyndihjálp ef eitthvað brygði út af. Skyndihjálp er ekki tækni sem kennari ætti að fá þjálfun í með kennsluaðferðinni learning by doing.” Unnur María Sólmundardóttir-Skólavarðan 7. tbl. 2002)

En hver er ástæðan fyrir þessari vankunnáttu. Útgáfa á skyndihjálparefni hefur aldrei verið meiri en síðustu ár. Einnig hefur Rauði kross Íslands hlotið viðurkenningar á alþjóðlegum skyndihjálpar- og björgunarráðstefnum landsfélaga alþjóða Rauða krossins fyrir gott efni og frábært fræðslustarf. Félagið er m.a. leiðandi í sálrænni

skyndihjálp og svo mætti lengi telja. Þá gerði Heilbrigðisráðuneytið og Rauði kross Íslands með sér samkomulag í lok árs 2000 um að efla fræðslu fyrir almenning í skyndihjálp. Þrátt fyrir allt þetta og meira til þá virðist staðan ekki nægjanlega góð. Ef byggja á upp heildstætt og öflugt fræðslukerfi fyrir almenning á Íslandi verður að byrja á að skoða hvað sé verið að gera í menntakerfinu. Þessi könnun er því liður í slíkri skoðun því viðbrögð okkar verða að byggja á góðri greiningu og þekkingu á stöðunni.

## Aðferð

### Úrtak

Allir starfandi grunnskólar á Íslandi en þeir eru 192 talsins.

### Framkvæmd

Við samningu á spurningalista var m.a. fengin aðstoð og ráðgjöf frá Kennaraháskóla Íslands, Námsgagnastofnun og Rauða krossi Íslands. Auk verkefnisstjóra unnu þeir Sigurður Elísson, Sigurjón Jónsson og Elís Þór Sigurðsson að grunnvinnunni. Jóhanna Karlsdóttir, lektor við KHÍ veitti hópnum ráðgjöf og sá um yfirlestur. Aldís Ingvarsdóttir starfsmaður Námsgagnastofnunar veitti mikilvægar upplýsingar um tiltækt námsefni og benti auk þess á ýmislegt sem betur mátti fara. Starfsfólk heilbrigðisdeildar innanlandsskrifstofu Rauða kross Íslands hefur einnig veitt hópnum mikilsverða aðstoð við samningu spurningalistans og benti á fjölmargt sem betur mátti fara. Auk þessara aðila var leitað til nokkurra skólastjórnenda og kennara vegna yfirlesturs og forprófunar á spurningalistanum.

Þá voru allir grunnskólar skráðir sérstaklega og útbúinn listi yfir skólastjórnendur sem voru tengiliðir fyrir sinn skóla. Á listann voru skráð netföng skólastjórnenda sem fengu listann sendan með tölvupósti ásamt kynningarbréfi og ósk um þátttöku í verkefninu. Í kynningarbréfi var verkefnið kynnt og auk þess sagt frá því að verkefnið væri styrkt af Rannum. Við gerð þessa netfanga- og skólastjórnendalista voru fengnar upplýsingar frá Menntamálaráðuneytinu, Kennaraháskóla Íslands og Kennarasambandi Íslands.

Þá var útbúin heimasíða þar sem svörun fór fram ásamt tölfræðilegri úrvinnslu. Þar mátti einnig nálgast frekari upplýsingar ef á þurfti að halda eða senda frekari upplýsingar frá viðkomandi skóla.

Spurningalistinn ásamt kynningu var send út í gegnum fyrrnefndan netfangalista fyrir grunnskólana um miðjan janúar 2003. Frá því og fram á haust var síðan reynt að ná sem mestri svörun. Beitt var ýmsum aðferðum s.s.ítrekunum í tölvupósti til þeirra sem ekki höfðu svarað og símhringingum í viðkomandi skóla.
Í haust var síðan unnið úr niðurstöðunum. Í framhaldi af því var haft samband við nokkra skóla varðandi frekari upplýsingar. M.a. voru skólanámskrár tíu skóla skoðaðar og bornar saman varðandi umfjöllun um skyndihjálp. Þá var rætt við fjölda kennara og skólastjórnenda og ýmislegt borið undir þá tengt skyndihjálp er ekki kom beint fram í spurningalistanum. Með þessum hætti tókst að afla umtalsverðra viðbótarupplýsinga sem styrktu könnunina í heild.

**Meginmarkmið þessa verkefnis**

Að kanna hvernig staðið er að skyndihjálparfræðslu í grunnskólum landsins.

**Undirmarkmið verkefnisins**

Að gera úttekt á viðhorfum skólastjóra / kennara gagnvart kennslu í skyndihjálp.

Að kanna þekkingu og vilja kennara í að miðla kennslu í skyndihjálp

Að kanna hvaða kennsluefni verið er að nota.

Að kanna hvaða aðferðir eru notaðar við kennsluna

Að kanna hversu miklum tíma er varið í kennsluna.

**Þátttaka**

Alls eru starfandi 192 grunnskólar á Íslandi. Alls bárust formleg svör frá 134 skólum eða 69,8% allra grunnskóla í landinu. Svarhlutfallið nær til stærstu grunnskólanna en verr gekk að fá svör frá nokkrum af minni skólunum. Til viðbótar við svör þessara aðila fengust miklar upplýsingar frá hinum ýmsu skólamönnum og stofnunum s.s. Námsgagnastofnun, Rauða krossi Íslands, Kennaraháskóla Íslands o.fl. Þátttakan í þessari könnun er því í heild að mati framkvæmdaraðila ásættanleg samanborið við þátttöku í sambærilegum könnunum sem framkvæmdar hafa verið í grunnskólunum.

## Niðurstöður einstakra spurninga

**A hluti.**

1. **Sá sem svarar þessum spurningalista er:**

| | |
|---|---|
| | Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri |
| | Fagstjóri/deildarstjóri |
| | Kennari |
| | Leiðbeinandi |
| | Annar starfsmaður |

94 eða um 71% svarenda voru skólastjórar eða aðstoðarskólastjórar, 27 eða 20% svaraenda voru fagstjórar eða deildarstjórar, 7 eða 5% voru kennarar og 6 eða 4 % voru leiðbeinendur eða aðrir starfsmenn í skólunum.



2. **Þessi skóli er:**

| | |
|---|---|
| | Í þéttbýli |
| | Í dreifbýli |

90 eða 67% skólana starfa í þéttbýli en 44 eða 33% í dreifbýli.




3. **Er áhugi fyrir því í þínum skóla að gera skyndihjálparfræðslu góð skil?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Já sögðu 120 eða 90%, nei sögðu 4 eða 3% og alls svöruðu 10 að þeir væru ekki vissir eða 7%. Jöfn skipting var á milli dreifbýlis og þéttbýlis og ekki var merkjanlegur munur eftir stærð skóla. Tveir af þeim fjórum skólum sem svöruðu neitandi gáfu skýringu á svari sínu. Ástæðan var sögð tímaskortur og ekki væri mögulegt að bæta við auknum tíma í skyndihjálp án þess að minnka eitthvað annað.
Niðurstöður þessarar spurningar eru þó afgerandi. Um 90% svarenda telja áhuga vera fyrir hendi að gera skyndihjálp hátt undir höfði í skólakerfinu.




**4. Fer fram skipulögð skyndihjálparfræðsla í þínum skóla?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

Niðurstöður þessarar spurningar eru athyglisverðar. Alls svöruðu 72 skólar játandi eða 55% þeirra sem svara. Nei sögðu 59 eða 45% svarenda. Þrír svöruðu ekki spurningunni. Það sem vekur einkum athygli er að í 45% tilvika fer ekki fram skipulögð skyndihjálparkennsla þrátt fyrir vilja til þess að sinna þessari fræðslu.



**5. Er skyndihjálp tilgreind í skólanámskrá sem viðfangsefni á þessu skólaári?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Já svara 39 eða 30%, nei segja 64 eða 48%, 29 svara að þeir viti ekki hvort skyndihjálp sé tilgreind í skólanámskrá eða 22%. Tveir skólar svöruðu ekki spurningunni. Í skólanámskrá eru skráðar áherslur hvers skólaárs með tilvísun í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Þessar niðurstöður styrkja þær vísbendingar sem koma fram í svörum við öðrum spurningum að staða skyndihjálpar sé ekki nægjanlega sterk í skólakerfinu. Aðeins 30% skóla hafa skyndihjálp skilgreinda sem viðfangsefni á skólaárinu. Þetta hlutfall er athyglisvert þegar niðurstöður í spurningu nr. 4 eru skoðaðar til samanburðar því þar kemur fram að í 55% tilvika mátu svarendur það svo að skyndihjálparfræðsla færi fram í viðkomandi skóla en í aðeins 30% tilvika er það skilgreint verkefni í skólanámskrá. Tilraun var gerð til að skýra þennan mismun og var haft samband við tíu af þessum skólum og farið yfir skólanámskrárnar. Þegar skólanámskrárnar eru bornar saman þá kemur í ljós að þessi rit eru mjög misjöfn að uppbyggingu. Í raun eru þessi rit ekki samanburðarhæf í þeim skilningi sem hér er unnið með. Sum eru mjög ítarleg og í raun styttri útgáfa af Aðalnámskránni. Önnur eru hins vegar útlistun á sérkennum viðkomandi skóla en með beinni vísun í Aðalnámskrána. M.ö.o. er aðeins tilgreint um stærri verkefni viðkomandi skólaárs en að öðru leiti er fylgt Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Þetta skýrir sennilega þann mun sem kemur fram í svörum skólana varðandi skyndihjálparfræðsluna og framsetningu í skólanámskrám.




**6. Hversu miklum tíma er varið í skyndihjálparfræðslu fyrir nemendur í þínum grunnskóla?**

| | | |
|---|---|---|
| 1. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 2. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 3. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 4. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 5. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 6. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 7. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 8. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 9. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 10. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| Veit ekki. | | |

| **Bekkur** | **Fjöldi skóla sem kenna skyndihjálp í viðkomandi árgangi** | **Meðaltal kennslustunda á skólaárinu** |
|---|---|---|
| 1. bekkur | 25 | 3,8 |
| 2. bekkur | 27 | 5 |
| 3. bekkur | 36 | 6 |
| 4. bekkur | 28 | 4 |
| 5. bekkur | 22 | 4 |
| 6. bekkur | 23 | 3 |
| 7. bekkur | 30 | 4 |
| 8. bekkur | 19 | 7 |
| 9. bekkur | 32 | 8 |
| 10. bekkur | 61 | 9 |

Fjöldi kennslustunda í skyndihjálp eykst eftir því sem ofar dregur í skólakerfinu. Flestir skólar kenna skyndihjálp í 10. bekk en fæstir í 8. bekk. Fjöldi kennslustunda er reiknaður að meðaltali á einu skólaári. Hér er ekki um mikinn tímafjölda að ræða en í ljósi þess að lífsleikni er ekki ætlað nema ein kennslustund á viku frá 4. bekk í flestum skólum þá má skyndihjálpin vel við una. Þess verður þó að gæta að áherslur skólanna eru mjög mismunandi og nokkrir skólar sem sinna skyndihjálp með miklum myndarbrag í öllum árgöngum grunnskólans. Í nokkrum skólum er skyndihjálp valgrein í 10. bekk og geta nemendur þá fengið námsgreinina metna til eininga í framhaldsskólunum enda hafi kennslustundafjöldi náð tilgreindu lágmarki.
Þá kom í ljós nokkur munur á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Svo virðist sem dreifbýlisskólarnir verji hlutfallslega meiri tíma í skyndihjálpina en þéttbýlisskólarnir. Engin ein skýring er á þeim mismun. Könnunaraðilar reyndu að fá skýringar á þessu og var haft samband við nokkra skóla og spurt um líklegar ástæður fyrir þessu. Skólamenn sem rætt var við gátu sér til um að mikill munur væri á aðstöðu þessara skóla s.s. varðandi heilsugæslu o.fl. Lengra væri í læknisaðstoð í dreifbýli en þéttbýli og það kynni að skýra að einhverju leiti þennan mun.




**7. Hvaða námsefni er notað í skyndihjálparkennslu í þínum skóla?**

| | |
|---|---|
| | *Við hjálpum.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Við kennum.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Skyndihjálp fyrir grunnskóla 2. hluti.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Skyndihjálp og endurlífgun.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| Annað (hvað?) | |
| | Hef ekki yfirsýn yfir námsefnið. |

46 eða 34% skóla nota Kennslubókina við hjálpum.

24 eða 18% skóla nota Við kennum.

25 eða 19% skóla nota Skyndihjálp fyrir grunnskóla 2. hluti.

23 eða 17% skóla nota Skyndihjálp og endurlífgun.

10 eða 7,5% segjast nota annað kennsluefni en tilgreint er í spurningunni.

34 eða 28% segjast ekki hafa yfirsýn yfir námsefnið.

Ljóst er að engin ein stefna er ríkjandi varðandi námsbækur heldur virðast skólarnir nota allt það námsefni sem gefið hefur verið út. Þá kenna skólarnir fleiri en eina bók. Fjölmargir tilgreindu í svari sínu að þeir hefðu ekki góða yfirsýn yfir námsefni í

skyndihjálp. Það kæmi þó flest frá námsgagnastofnun og væri útgefið af Rauða kross Íslands. Hlutfallslega skiluðu flestir auðu þegar spurt var út í notkun á námsefni.




## 8. Hvernig hefur tiltækt námsefni í þínum skóla reynst?

| | |
|---|---|
| | Mjög vel |
| | Vel |
| | Sæmilega |
| | Illa |
| | Veit ekki |

17 eða 14% svara að námsefnið hafi reynst mjög vel.

61 eða 49% svara að námsefnið hefði reynst vel.

11 eða 9% segja að námsefnið hafi reynst sæmilega.

Engin telur námsefnið hafa reynst illa en 34 svara hins vegar að þeir viti ekki hvernig námsefnið hafi reynst en það eru um 28% þeirra sem svara spurningunni. Í samtölum rannsóknaraðila við skólafólk í hinum ýmsu skólum kom yfirleitt sú afstaða fram að námsbækurnar væru í lagi og það væru ekki bækurnar sem útskýrðu stöðu skyndihjálparkennslunnar í skólakerfinu. Einnig kom fram sú afstaða að myndbönd úreltust fyrr en bækur og þar þyrfti að gera átak í útgáfu.




## 9. Nýta kennarar sér útgefnar kennsluleiðbeiningar með námsefninu?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki. |

57 svara já eða 46% þeirra sem svara.

9 svara nei eða um 7%

58 eða 47% svarenda segja hins vegar að þeir viti ekki hvernig námsefnið hafi reynst.



**10. Hver eftirtalinna myndbanda hafa verið notuð í skyndihjálparfræðslu í þínum skóla?**

| | |
|---|---|
| | *Á neyðarstundu.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Skyndihjálp.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Vörn fyrir þig.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Öryggi á sundstöðum.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Notið höfuðið-notið hjálm.* Útgefandi Námsgagnastofnun |
| | Hef ekki yfirsýn yfir námsefnið |

Alls svöruðu 100 skólar þessari spurningu.

11 svöruðu að skólinn notaði myndbandið á Neyðarstundu útg, af Rauða kross Íslands.

59 þeirra sem svöruðu sögðust nota Skyndihjálp útg. af Rauða kross Íslands.

5 sögðust nota myndbandið Vörn fyrir þig útg. af Rauða korss Íslands.

13 sögðust nota myndbandið Öryggi á sundstöðum útg. af Rauða kross Íslands.

27 nota myndbandið Notið höfðuðið – notið hjálm útg. af Námsgagnastofnun.

25 töldu sig ekki hafa yfirsýn yfir notkun myndbanda í skyndihjálparkennslu. Þá kusu 34 skólar að sleppa þessari spurningu.



**11. Telur þú útgefið námsefni í skyndihjálp koma til móts við misjafnan aldur og þroska nemenda?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

56 eða 47% þeirra sem svara segja útgefið námsefni samræmast vel aldri og þroska nemenda.
2 eða 2% þeirra sem svar telja námsefnið ekki samræmast aldri og þroska grunnskólanemenda. Báðir gáfu ekki frekari skýringar á svari sínu.
60 eða 51% þeirra sem svara spurningunni segjast ekki vita hvort námsefnið samræmist aldri og þroska nemenda.




**12. Ef nei, hvað er það sem er ekki við hæfi**

| |
|---|
| |

Þeir tveir sem svöruðu spurningu nr. 11 neitandi gáfu ekki frekari skýringar á svörun sinni og slepptu spurningu nr. 12.

**13. Telur þú að skólinn þinn sinni skyndihjálparfræðslu í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki. |

Athyglisvert er að skoða svör við þessari spurningu ekki síst með hliðsjón af spurningum nr. 3., 4. og 5. Að mati fjölmargra aðila í grunnskólunum þá er staða skyndihjálpar frekar óljós í Aðalnámskrá grunnskóla og í raun lögð lítil áhersla á námsgreinina. Niðurstöður urðu eftirfarandi þegar spurt var um hvort skyndihjálparkennslan í viðkomandi skóla væri í samræmi við ákvæði Aðalnámskrár.

52 eða 41% svarenda telja að skólann sinn kenni skyndihjálp í samræmi við ákvæði gildandi Aðalnámskrár fyrir grunnskóla.
48 eða 38% svarenda telja skólann sinn ekki kenna í samræmi við Aðalnámskrá
27 eða 21% svarenda segjast ekki vita hvort kennslan sé í samræmi við ákvæði Aðalnámskrár fyrir grunnskóla um skyndihjálparkennslu.



## C hluti.

**14. Hefur skólinn sent kennara á leiðbeinendanámskeið RKÍ í skyndihjálp s.l. þrjú ár?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki. |

Nokkur fjöldi þátttakenda tilgreindi að þeim væri ekki kunnugt um hvaða leiðbeinendanámskeið væri rætt um. Skólamönnum virðist oft ekki vera ljóst að boðið sé upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið fyrir kennara á vegum RKÍ né að slíkt námskeið sé skilyrði þess að nemendur geti fengið útgefið sérstakt skírteini vegna skyndihjálparnáms.

Rúm 13% eða 18 skólar hafa sent kennara á leiðbeinendanámskeið RKÍ í skyndihjálp.
Um 71% eða 94 skólar hafa ekki sent kennara á slíkt námskeið s.l. þrjú ár.
Rúm 16% eða 22 skólar gátu ekki gefið svar við þessari spurningu.



**15. Ef já,**

| | |
|---|---|
| Hve marga? | |

Þeir 18 skólar sem höfðu sent kennara á leiðbeinendanámskeið s.l. þrjú ár höfðu ekki yfirlit yfir fjöldann sem hafði farið. Flestir töldu þó bara einn kennara hafa farið og sumir svöruðu að viðkomandi kennarar hefðu sótt viðkomandi námskeið tengt námi sínu við Kennaraháskóla Íslands. Í þessu samhengi má geta að leiðbeinendaréttindi eru veitt nemendum sem stunda íþróttakennaranám og eru þau vottuð af Rauða krossi Íslands.

**16. Hafa verið haldin skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk í þínum skóla sl. tvö ár?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

Fjölmargir tilgreindu að þeir hefðu áhuga á að halda slíkt námskeið og teldu það nauðsynlegt fyrir starfsfólk skólana. Þá tilgreindu nokkrir að þeim væri ekki ljóst hverjir biðu upp á námskeið í skyndihjálp fyrir starfsfólk í skólum og þeim væri ekki kunnugt um að slík námskeið hefðu verið auglýst. Þá hafa skólar takmarkað fjármagn til endurmenntunar og því nauðsynlegt að þessi námskeið séu tilgreind á endurmenntunaráætlun hvers skóla fyrir sig. Hér vaknar einnig sú spurning hvort Rauði kross Íslands eða heilsugæslan á hverjum stað geti þjónustað skólana með þessi námskeið.

Já sögðu 40 skólar eða 31%
Nei sögðu 90 eða 69% þeirra er svöruðu.




**17. Hefur verið haldið námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir kennara í þínum skóla?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

Sömu athugasemdir bárust og í spurningu nr. 16 um að svarendum var ekki ljóst hvort slík námskeið væru í boði fyrir skóla né hverjir stæðu fyrir þeim. Þó er mikill áhugi á slíkum námskeiðum ekki síst ef þau væru tengd slysum eða dauðsföllum og aðkomu skólafólks að slíkum atburðum. Það sem kom aðstandendum könnunarinnar helst á óvart í svörum skólanna er hversu margir höfðu haldið námskeið í sálrænni skyndihjálp í samanburði við almnenna skyndihjálp því framboð og hefðir fyrir almennu skyndihjálpinni er mun lengri en í sálrænni skyndihjálp. Niðurstöður við spurningunni hvort haldið hafi verið námskeið í sálrænni skyndihjálp voru eftirfarandi.

Já sögðu 32 eða 25% svarenda.
Nei sögðu 98 eða 75%.




**18. Telur þú þörf á að halda reglulega (2ja ára fresti) skyndihjálparnámskeið fyrir kennara?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Niðurstöðurnar eru afgerandi og ljóst er að skólafólk telur mikilvægt að skyndihjálparkunnátta sé almenn ekki síst meðal þeirra sem starfa í grunnskólunum.

Já svöruðu 119 skólar eða 92% þátttakenda í könnunni.

Nei svöruðu 6 eða tæp 5%

4 svöruðu að þeir væru ekki vissir eða 3%.



### 19. Telur þú þörf á að halda námskeið fyrir kennara í sálrænni skyndihjálp?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Líkt og í almennu skyndihjálpinni er áhuginn mikill fyrir sálrænni skyndihjálp.

Já sögðu 102 eða 85% þeirra sem svöruðu spurningunni.

Nei sögðu 4 eða 3%

Veit ekki svöruðu 15 eða um 12% þátttakenda.




### 20. Eru kennarar í þínum skóla viljugir /áhugasamir að taka að sér skyndihjálparkennslu?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

Það sem vakti helst athygli könnunaraðila er hversu margir töldu kennara ekki áhugasama um að kenna skyndihjálpina. Tilraun var gerð til að afla frekari upplýsinga vegna þessa og urðu niðurstöðurnar einkum þær að kennurum væri ekki ljóst hvað

fælist í skyndihjálpinni, hvaða kennsluefni væri lagt til grundvallar og almennri skyndihjálparkunnáttu væri ábótavant. Þá var það mat margra að víðtæk reynsla á sviði heilsugæslu eða forvarna væri nauðsyn ekki síst þegar kennt væri í efri bekkjum grunnskólans.

Já sögðu 79 eða 59%

Nei sögðu 31 eða 23%

24 skólar, eða 18%, svöruðu ekki þessari spurningu.




**21. Hvernig fer skyndihjálparfræðslan fram í þínum skóla (kennsluaðferðir.)**

Merktu við fleiri en eitt atriði ef þörf krefur.

| | |
|---|---|
| | Fyrirlestrar |
| | Vinnubókarvinna |
| | Verkleg þjálfun |
| | Heimsóknir |
| | Hópvinna |
| | Vettvangsathuganir |
| Annað | |

Sé dreifing svara hjá hverjum þátttakenda skoðuð er ljóst að fjölbreyttum kennsluaðferðum er beitt í kennslunni því rúmur helmingur þátttakenda merkti við fleiri en tvo svarmöguleika. Það sem vekur þó meiri athygli er að enginn einn svarmöguleiki er ríkjandi heldur mikil dreifing á milli liða. Einnig er athyglisvert að flestir slepptu að svara spurningum nr. 21. og 22 í könnuninni. Ástæður þess geta verið fjölmargar en þær skýringar sem gefnar voru tengdust m.a. því að ekki væri reynsla fyrir hendi í skyndihjálparkennslu til þess að taka afstöðu.

72 eða 31% merktu við fyrirlestra.
61 eða 26% merktu við vinnubókarvinnu.
49 eða 21% merktu við verklega þjálfun
18 eða 8% merktu við heimsóknir
26 eða 11% merktu við hópavinnu
9 eða 4% merktu við vettvangsathuganir
12 eða 5% merktu við annað en tilgreindu ekki hvað.



**22. Hvernig telur þú að leggja ætti námsefnið fyrir nemendur?**

Merktu við fleiri en eitt atriði ef þörf krefur.

| | |
|---|---|
| | Fyrirlestrar |
| | Vinnubókarvinna |
| | Verkleg þjálfun |
| | Heimsóknir |
| | Hópvinna |
| | Vettvangsathuganir |
| Annað | |

Athyglisvert er að bera saman svör við spurningi nr. 21 og nr. 22. Þ.e.a.s. hver er skipting og skipulag kennslunnar og hver ætti hún að vera að mati þátttakenda í könnuninni. Þar má sjá að þátttakendur telja æskilegt að minnka hlutfall fyrirlestra og vinnubókarvinnu í kennslunni en auka heimsóknir og hópavinnu. Þá kom víða fram sú afstaða að þær kennsluaðferðir sem væri oftast notaðar tengdust framsetningu á námsefninu og í einstaka tilfellum væru kennslubækurnar of stýrandi. Niðurstöður spurningar um hvernig kennslan ætti helst að vera urðu eftirfarandi.

57 eða 17% töldu fyrirlestra kennara æskilega í kennslunni.

51 eða rúm 15% töldu vinnubókarvinnu æskilega.

72 eða tæp 22% töldu verklega þjálfun mikilvæga.

50 eða um 15% töldu heimsóknir mikilvægan þátt í kennslunni.

50 eða um 15% töldu hópvinnu æskilega.

36 eða um 11% töldu vettvangsathuganir ómissandi í skyndihjálparkennslu.

13 eða um 4% tilgreindu aðra þætti en nefndu engin dæmi.




## D hluti.

### 23. Telur þú að endurbætt/nýtt námsefni yrði til þess að vægi skyndihjálparkennslu í grunnskólum mundi aukast?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Ef marka má niðurstöður könnunarinnar þá er uppfærsla og endurnýjun námsgagna mikilvæg í skyndihjálparkennslu líkt og í kennslu annarra námsgreina. Það sem virtist þó vefjast fyrir svarendum í þessari könnun var m.a. að þeir þekktu ekki nægjanlega til þeirra námsgagna sem voru til. M.a. kom ítrekað fram að ný námsgögn myndu ekki ein og sér auka veg skyndihjálparinnar þó eflaust myndi slík útgáfa virka hvetjandi fyrir skólana og kennara. Niðurstöður urðu annars eftirfarandi:

Já segja 68 eða 54%

Nei segja 5 eða 4%

Veit ekki svara 42%




**24. Hvernig telur þú að best sé að kynna nýtt námsefni í skyndihjálp fyrir stjórnendum og kennurum grunnskóla? Besta leiðin fái 1, næsta 2 o.s.frv.**

| | |
|---|---|
| | Vefsíða |
| | Dreifibréf |
| | Tölvupóstur |
| | Sýniseintök |
| | Haustþing |
| | Heimsóknir í skóla |
| | Fréttabréf |
| | Kynningarskrá |
| Annað | |

Svör við þessari spurningu eru afar mikilvæg ekki síst þegar miklum fjármunum er veitt í námsefnisgerð og útgáfu. Á síðustu árum hefur Námgagnastofnun og Rauði kross Íslands reynt að kynna námsefni sitt fyrir kennurum á árlegum haustþingum í hverju umdæmi fyrir sig. Auk þess hafa menn reynt að kynna efni sitt í tölvupósti og á heimasíðum viðkomandi stofnana. Áhugavert var að fá upplýsingar frá skólunum um

þessar kynningarleiðir og aðrar þær leiðir er hentugar væru. Í könnuninni voru gefnir upp átta möguleikar og einn óbundinn. Skólamenn voru beðnir um að raða þessum valmöguleikum upp þannig að besti valkosturinn yrði nr. 1 o.s.frv. Niðurstöður þátttakenda í þessari könnun urðu eftirfarandi.

*(1) Heimsóknir í skóla*
*(2) Sýniseintök*
*(3) Vefsíða*
*(4) Haustþing*
*(5) Tölvupóstur*
*(6) Kynningarskrá*
*(7) Fréttabréf*
*(8) Dreifibréf*
*(9) Annað*

**25. Telur þú að skyndihjálp eigi að vera sér þáttur eða hluti af lífsleiknikennslu grunnskóla?**

| | |
|---|---|
| | Sér valgrein |
| | Hluti af lífsleiknikennslu |
| | Veit ekki |

Við útgáfu gildandi Aðalnámskrár var skyndihjálpin færð inn í nýja námsgrein er nefnd er lífsleikni. Áður hafði skyndihjálp verið skilgreind sér. Það er athyglisvert hversu margir telja skyndihjálpina eiga að vera hluta af lífsleikninni ekki síst þegar svörun við spurningu nr. 26 er skoðuð.

32 eða 26% telja skyndihjálp eiga að vera sér valgrein í skólakerfinu.
72 eða 57% telja skyndihjálp eiga að vera áfram hluta af lífsleikni.
21 eða 17% svara að þeir séu ekki vissir.




**26. Telur þú að skyndihjálparfræðsla hafi minnkað, staðið í stað eða aukist eftir að hún var felld undir lífsleiknikennslu samkvæmt námskrá?**

| | |
|---|---|
| | Minnkað |
| | Staðið í stað |
| | Aukist |
| | Veit ekki |

Ljóst er að staða skyndihjálpar í skólakerfinu hefur veikst eftir að ný Aðalnámskrá tók gildi og skyndihjálp var færð inn í lífsleiknina. Þrátt fyrir þetta vill meirihluti þátttakenda að skyndihjálpin tilheyri lífsleikninni áfram eins og fram kemur í svörun við spurningu nr. 25 hér á undan. Að mati fjölmargra skólamanna sem tóku þátt í þessari könnun þá hefur lífsleiknin ekki náð fótfestu í skólakerfinu. Að lífsleiknin eigi að taka til svo margra þátta s.s. umferðarfræðslu, skyndihjálpar, fíknivarna o.s.frv. að hún hefur ekki náð þeim veglegu markmiðum sem henni var ætlað. Þá var það mat þeirra sem gáfu frekari skýringar með svörum sínum að staða skyndihjálpar hafi ekki verið nægjanlega sterk fyrir breytingar á Aðalnámskrá og sú staða hefði örugglega ekki styrkst á síðustu misserum.

39 eða 31% telja skyndihjálp hafa minnkað

52 eða 40% telja skyndihjálp hafa staðið í stað.

11 eða 9% telja skyndihjálp hafa aukist.

25 eða 20% eru ekki vissir um hverju á að svara.




**27. Telur þú að markviss skyndihjálparfræðsla í grunnskólum geti dregið úr alvarlegum afleiðingum slysa í þjóðfélaginu?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Niðurstaðan er afgerandi. Kennsla í skyndihjálp er afar mikilvæg og eykur líkur á að draga megi úr alvarleika slysa og jafnvel fyrirbyggja þau í mörgum tilvikum.

119 eða 96% þeirra er svara spurningunni játandi.

Enginn þátttakandi svarar spurningunni neitandi.

5 eða 4% segjast ekki vera vissir.




**28. Hvernig telur þú að megi auka kennslu/fræðslu í skyndihjálp í grunnskólum?**

Fjöldi ábendinga komu fram og voru þær dregnar saman í eftirfarandi setningar.

- Kennarar þurfa að afla sér meiri þekkingar á því hvernig hægt er að fræða nemendur um rétt viðbrögð er slys ber að höndum.
- Skyndihjálp og kennaramenntun. Það þarf að tengja þarna á milli.
- Góð byrjun að markaðssetja það efni sem er á boðstólum í skyndihjálpinni. Sá þáttur hefur fullkomlega verið vanræktur.
- Ný myndbönd og skemmtilegri.
- Tengja kennsluna ökuprófi, þ.e. gera námið hluta af því.
- Hafa aðgengileg námsgögn sem hæfa hverjum aldursflokki.
- Með aukinni fræðslu til kennara.
- Með því að gefa út öflugt námsefni fyrir fleiri árganga. Skyndihjálp (annar hluti) hefur ekki fengist að undanförnu.
- Með því að hafa hana inni í skólanámskrá.

- Setja skyndihjálp sem lið í kennaranámi og kynna betur nauðsyn þess að kennarar kunni skyndihjálp og geti kennt hana. Í dag er varla minnst á þennan þátt þar.

- Það þyrfti að fara af stað með allsherjar herferð í grunnskólana og gera þetta meira áberandi. Vekja áhuga og minna verulega á.

- Hafa námsefni sem höfðar til nemenda og kennara.

- Styrkja kennara í námsefninu með fræðslu og verklegri kennslu. Hafa ákv. námsþætti inni í námsmarkmiðum Aðalnámskrár.

- Gefa út meira af aðgengilegu námsefni fyrir einstaka bekki þannig að samfella verði í kennslunni.

- Það þarf að þjónusta skólana og kennara betur. Gott námskeið sem yrði sniðið fyrir skóla t.d. á haustdögum eða skipulagsdögum.

- Hafa námsefni aðgengilegt og góðar kennsluleiðbeiningar.

- Með því að gefa út sýniseintök í alla skóla. Gefa kennurum kost á námskeiði í efninu. Festa þetta efni betur inn í námskrám, það kemst ekki allt fyrir í lífsleikni. Senda fólk í skólana með sýnikennslu. Halda námskeið sem eru sérútbúinn fyrir skóla.

- Með auknu námsefni og betri kynningu á því.

- Með því að hafa þetta sérstakt fag sem væri í umsjón t.d. hjúkrunarfræðings.

- Með því að gefa út gott og aðgengilegt námsefni. Með því að standa fyrir <u>markvissari kynningu</u> á slíku námsefni og <u>markvissari endurmenntun</u> fyrir kennara.

- Ég tel að ekki sé ástæða til að auka hana umfram það sem þegar er ákveðið samkvæmt námskrá. Aðalatriðið er að uppfylla núverandi námskrá varðandi þessa þætti.

- Vera með virkari fræðslu fyrir starfsfólk.

- Að kennarar séu viljugari til að fara á námskeið.

- Með því að setja valin verkefni inn í ákveðna áfanga sem tengjast skyndihjálp.

- Ábyrgur aðili sjái um að vekja skólafólk af værum blundi. Búi til gott efni sem kveiki áhuga skólamanna, hægt að bera saman við námsstjóra hér áður fyrr. RKÍ – Menntamálaráðuneytið.

- Hugsanlegt að hafa einn kennara sem tengilið í skyndihjálparfræðslu.

- Með afmörkuðu námsefni á hverju aldursstigi sem fella má inn í lífsleikninámskrá hvers skóla.

- Hafa betri kynningu á námsefninu og kynna skyndihjálpina betur. Þjónusta skólana á öðrum forsendum. Búa til námskeið sem skólarnir þurfa á að halda. Ekki bara skyndihjálp heldur skyndihjálp í víðari skilningi. Þ.e. bækur, kennsluaðferðir, tillögur í skólanámskrá, viðbragðsáætlanir þegar áföll verða s.s. dauðsföll.

- Með því að gera skyndihjálp að skildunámsgrein.

- Með ýmsu móti t.d. fyrirlestrar, myndir, fá heimsóknir af ýmsum aðilum o.fl.

- Kröfur um aukna kennslu í ýmsum þáttum hefur aukist á undanförnum árum en tíminn er takmarkaður og Aðalnámskrá er ramminn sem unnið er eftir. Skyndihjálp eru gerð lítil skil í námskránni þannig að ráðuneytinu finnst ekki mikil þörf á þessari kennslu.

- Grundvallaratriði er að allt starfsfólk skólans fái þjálfun í skyndihjálp. Kennslan getur annað hvort verið í höndum kennaranna eða utanaðkomandi. Til að auka kennslu/fræðslu þarf efni til kennslunnar að vera aðgengilegt og ekki of dýrt.

- Bjóða skólum uppá skipuleg námskeið í heimabyggð, e.k. farkennslu. Kenna í hverjum skóla. Hafa námskeið sem er ekki bara almennt skyndihjálparnámskeið.

- Ég tel að við séum með þetta í ágætum farvegi eins og nefnt var hér að framan. Einnig veit ég að kennarar taka slysavarnir fyrir í lífsleiknitímum.

- Markviss fræðsla og gera hana að hluta af skólanámskrá hvers skóla.

- Með því að gera hana eins spennandi og hægt er og nógu mikið verklegt.

- Það þarf sameiginlegt átak margra aðila til þess að ná skyndihjálpinni út til almennings. RKÍ gegnir þar miklu hlutverki en þarf á markvissum stuðningi yfirvalda að halda. Það þarf nýja hugsun og nýja aðferðarfræði. Hræðsluáróður skilar ekki árangri. Einfaldleiki og og góð kynning er lausnin.

- Með markvissri þjálfun kennara að takast á við námsefnið og góðu námsefni.

- Með námskeiðum fyrir kennara og starfsmenn. Það stendur reyndar til í skólanum mínum.

- Þegar námsefni RKÍ kom fyrst út tóku kennarar því fagnandi og það var nokkuð mikið notað í skólanum. Með sífellt auknu framboði á ýmsum námsgögnum sem tengjast lífsleiknikennslu hefur námsefnið hins vegar lotið nokkuð í lægra haldi og væri eflaust þörf á uppherslu.

- Með því að endurnýja og bæta við námsefni og halda samhliða útgáfu námskeið fyrir kennara. Góð kynning og gott námskeið sem er aðlagað aðstæðum á hverjum stað.

- Með markvissara og aldurstengdu námsefni.

- Myndböndin eru ekki nothæf. Algjörleg úrelt.

- Með því að gera átak í kynningu á efni sem er á boðstólum og reyna að draga úr kostnaði vegna þátttöku á námskeiðum.

- Marka þarf ákveðnari stefnu í námskrá um skyndihjálp. Hverjir eiga að kenna fagið. Eiga allir kennarar að gera það, bara íþróttakennarar eða á að kaupa inn þessa kennslu.

- Leiðbeinendaréttindi hafa einangrað skyndihjálpina. Einhver sérstakur hópur sem má bara kenna!!! Almenn skyndihjálp á að vera á höndum allra kennara. Ef ekki þá næst aldrei útbreiðsla og árangur. Hin leiðin skapar bara einhverja sérhæfingu og skilaboðin eru bara að almenningur geti ekki lært þetta bara kynnt sér það.

- Með því að gefa kennurum og skólum gott aðgengi að námskeiðum og námsefni. Best væri að fá sérfræðinga í heimsókn á haustin í hvern árgang fyrir sig.

- Áherslur hins opinbera eru ekki á skyndihjálpina. Það sést á öllu.

- Meira framboð á námskeiðum á hagstæðu verði.

- Að námskeiðin séu ódýrari fyrir skólana og að samningar séu gerðir milli RKÍ og sveitarfélagana um þessa þjónustu. Þá ætti heilsugæslan og Menntamálaráðuneytið að koma að þessu.

- Aukinn áhersla yfirvalda (Menntamála, heilbrigðis) á námsgreinina. Betri aðstoð og stuðningur við skólana. Áhugi almennings og stjórnenda í sveitarfélögum og í ráðuneyti.

- Aukin stuðningur og ódýrari námskeið fyrir skólana. Hafa ekki bolmagn til að kaupa námskeið fyrir alla kennara og annað starfsfólk. Lítill skilningur og áhugi sveitarfélaga og ráðuneytis.

- Aukinn áhugi yfirvalda.

- Aukinn stuðningur og námskeið fyrir kennara og starfsfólk skóla, öflug og aðlöguð námsefnisútgáfa.

- Kynning á námskeiðum og upplag þeirra hentar ekki fyrir skóla. Þetta eru bara almenn skyndihjálparnámskeið en þarfir skólana eru aðrar.

- Skólarnir þurfa aukinn stuðning og aðgang að fólki sem þekkir þetta fag. KHÍ undirbýr kennara ekkert á þessu sviði. Það er helst iþróttakennarar sem hafa eitthvað kynnt sér þetta.

- Bætt aðgengi að námskeiðum, betri námskeið og betri fyrirlesarar sem haga fræðslu sinni miðað við skólafólk.

.

- Með námskeiðum og fræðslufundum fyrir skóla.

- Stórbæta kynningu og hugmyndavinnu tengt fræðslu í skyndihjálp. Staðan í dag er einfaldlega sú að skyndihjálpin er undir. Hefur einhver heyrt SAMFOK hafa áhyggjur af skyndihjálparfræðslu fyrir börn sín í skólunum!!!!

- Yfirvöld hafa ekki lagt áherslu á þessa grein. Krafa samfélagsins er heldur ekki á þessa námsgrein. Til þess að þetta breytist þar samþætt átak yfirmanna menntamála og almennings. Skýr skilaboð og góð kynning. (Mætti kannski kalla markaðssetningu.)

- Ég held að RKÍ sé svolítið gamaldags í námsefnisútgáfunni. Nýja skyndihjálparbókin er svo ítarleg að þegar menn hafa farið yfir bókina hafa þeir lært það eitt að þeir kunna ekkert og geta ekkert gert. Manni fallast bara hendur. Kannski 20 atriði sem huga þarf að þegar bregðast þarf við einu tilteknu atriði.

- Ofuráhersla á sérstök leiðbeinendaréttindi hafa flæmt kennara almennt frá. Þetta er kannski eins og með læknana og sérfræðingana. Skyndihjálp er ekki fyrir almenning.

- Góð námskeið fyrir skóla gætu gert mikið. Námskeið sem tækju á almennri og sálrænni skyndihjálp, neyðarskipulagi skóla, reglulegri endurmenntun, samþættingu við aðra þjónustu s.s. heilsugæslu o.fl.

- Það þarf að breyta hugsuninni tengt námskeiðshaldinu. Það er ljótt að segja það en skyndihjálparnámskeiðin eru kannski of leiðinleg.

- Það er flókið mál. Ég held að RKÍ og yfirvöld verði að leggjast á eitt og hugleiða málið áður en eitthvað er gert. Góðu fréttirnar eru kannski þær að það er mikið sóknarfæri á þessu sviði og mikið verk að vinna.

- Betri kynning.

- Leiðbeinendaréttindi hindra útbreiðslu skyndihjálpar.

- Skemmtilegri námskeið.

**29. Hverjir telur þú helst að eigi að standa fyrir skyndihjálparkennslu í grunnskólum? Merktu við fleiri en eitt atriði ef þörf krefur.**

| | |
|---|---|
| | Grunnskólarnir sjálfir |
| | Rauði kross Íslands |
| | Hjálparsveitir/Landsbjörg |
| | Heilsugæslan/hjúkrunarfræðingar |
| Aðrir aðilar (hverjir) | |

Þrír aðilar eru einkum tilgreindir og einnig kemur skýrt fram sú afstaða að best væri að viðkomandi ynnu saman að fræðslunni þ.e. grunnskólarnir sjálfir, heilsugæslan/skólahjúkrunarfræðingar og Rauði kross Íslands. Er leitað var upplýsinga um samstarf þessara aðila varð niðurstaðan sú að slíkt samstarf væri óformlegt. Rauði krossinn hefði umsjón með útgáfu námsefnis sem síðan væri dreift í gegnum Námsgagnastofnun en skólarnir hefðu umsjón með kennslunni. Þá var í einstaka tilfellum leigður búnaður af RKÍ s.s. dúkkur o.fl. Viðkomandi þátttakendur í könnuninni vissu ekki til þess að heilsugæslan og RKÍ ynnu sérstaklega saman að þessari fræðslu.

86 eða í 32% tilvika merkja þátttakendur við grunnskólana sjálfa.
74 eða 28% tilvika merkja þátttakendur við Rauða kross Íslands.
25 eða 9% tilvika merkja þátttakendur við Hjálparsveitir/Landsbjörg.
75 eða 28% tilvika nerkja menn við Heilsugæsluna/hjúkrunarfræðinga
8 eða 3% tilgreina menn aðra hópa s.s. presta, lækna eða utanaðkomandi fagaðila.




**30. Telur þú þörf á að skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Niðurstaðan er skýr en nær allir voru sammála um að þessi menntun ætti að vera hluti af kennaramenntun. Nokkrir bentu á að það væri í raun furðulegt miðað við allt annað að skyndihjálpin væri ekki skilgreindur hluti af almennu kennaranámi. Þar ætti að sinna bæði sálrænni og almennri skyndihjálp. Þessi afstaða hefur áður komið fram hjá skólafólki.

“Árgangar eftir árganga eru útskrifaðir án þess að hafa fengið nema brot af umræðu um öryggismál en það versta er þó eftir – skyndihjálpin. Eitt er að hleypa verðandi smíðakennurum inn í smíðadeild Kennaraháskóla Íslands án þess að þeir kunni að bregðast rétt við ef eitthvað hendir þá eða skólasystkinin í námi, annað er að hleypa þeim aftur út úr deildinni og inn í grunnskólana án þess að þeir hafi svo mikið sem lært að hreinsa sár, skola augu, stöðva slagæðablæðingu eða sinna því þegar aðskotahlutur er í sári.” (Unnur María Sólmundardóttir – Skólavarðan 7. tbl. okt. 2002)

Á þessu er þó ein undantekning því íþróttakennarar hafa tekið leiðbeinendaréttindi í skyndihjálp sem hluta af námi sínu og hefur RKÍ vottað það námskeið. Þetta námskeið hefur hins vegar ekki náð inn í nám fyrir almenna kennara.

Eins og sjá má í niðurstöðum varðandi spurninguna hvernig auka megi skyndihjálparkennslu þá telja fjölmargir að samhengi sé á milli áherslu háskólastofnana sem sinna kennaramenntun og stöðu skyndihjálparinnar í grunnskólunum.

119 eða 91% svara já

3 eða 2% svara nei

9 eða 7 svara veit ekki.



**31. Telur þú þörf á að sálræn skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Niðurstöður varðandi sálrænu skyndihjálpina eru á sama veg og um almennu skyndihjálpina.

113 eða 87% svara já

4 eða 3% svara nei

13 eða 10% svara veit ekki.




**32. Telur þú þörf á aukinni áherslu á skyndihjálparfræðslu í skólakerfinu?**

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

Niðurstaðan er sem fyrr skýr varðandi þennan þátt. Efla þarf skyndihjálparfræðslu í skólakerfinu.

Já svara 113 eða 87%

Nei svara 7 eða 5%

Veit ekki svara 10 eða 8%




**33. Ef já, hverjir ættu að hafa yfirumsjón og vera samræmingaraðilar með slíku átaki í kennslu?**

Merktu við fleiri en einn lið ef þörf krefur.

| | |
|---|---|
| | Menntamálaráðuneytið |
| | Samband Íslenskra sveitarfélaga |
| | Skólinn/kennarar |
| | Heilsugæslan/hjúkrunarfræðingar |
| | Rauði kross Íslands |
| Aðrir (hverjir) | |

Svo virðist sem menn séu ekki vissir hjá hverjum yfirumsjónin varðandi skyndihjálparkennslu skuli vera. Þó kemur sú afstaða skýrt fram að menntayfirvöld beri ábyrðina en framkvæmdin sé höndum skólanna með aðstoð frá t.d heilugæslunni og Rauða krossi Íslands.

68 eða 25% þátttakenda merkja við Menntamálaráðuneytið
38 eða 14% þátttakenda merkja við Samband ísl. Sveitarfélaga.
42 eða 15% þátttakenda merkja við skóla/kennara
39 eða 14% þátttakenda merkja við heilsugæslu/hjúkrunarfræðinga
56 eða 21% þátttakenda merkja við Rauða kross Íslands
31 eða 11% merkja við aðra s.s. fræðslumiðstöð Reykjavíkur, skólaskrifstofur o.s.frv.



R A N N S Ó K N A R R Á Ð  U M F E R Ð A R Ö R Y G G I S M Á L A

R A N N U M

# SKYNDIHJÁLP Í GRUNNSKÓLUM

# Viðauki

JANÚAR 2004

**Til** **Rannsóknarráðs umferðaröryggismála (Rannum)**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**

**Efni.** **Áfangaskýrsla vegna rannsóknarverkefnis nr. 118941 Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum.**

# Áfangaskýrsla.

Verkefnið **Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum** er styrkt var af Rannsóknarráði umferðaröryggismála sbr. bréf ráðsins þann 16. apríl 2002 er á áætlun sbr. umsókn undirritaðs til ráðsins frá 15. mars 2002.

Unnið hefur verið að gerð spurningalista fyrir könnunina og er þeirri vinnu nú nær lokið. Við samningu spurningalistans var m.a. fengin aðstoð og ráðgjöf frá Kennaraháskóla Íslands, Námsgagnastofnun og Rauða krossi Íslands. Auk verkefnisstjóra unnu þeir Sigurjón Jónsson og Elís Þór Sigurðsson að grunnvinnunni. Jóhanna Karlsdóttir, lektor við KHÍ veitti hópnum ráðgjöf og sá um yfirlestur. Aldís Ingvarsdóttir starfsmaður Námsgagnastofnunar veitti mikilvægar upplýsingar um tiltækt námsefni og benti auk þess á ýmislegt sem betur mátti fara. Starfsfólk heilbrigðisdeildar innanlandsskrifstofu Rauða kross Íslands hefur einnig veitt hópnum mikilsverða aðstoð við samningu spurningalistans og bent á fjölmargt sem betur mátti fara. Auk þessara aðila var leitað til nokkurra skólastjórnenda og kennara vegna yfirlesturs og forprófunnar á spurningalistanum.

Þá hafa allir grunnskólar verið skráðir niður og útbúinn listi yfir skólastjórnendur sem eru tengiliðir fyrir sinn skóla. Á listann eru skráð netföng skólastjórnenda sem fá listann sendan með tölvupósti ásamt kynningarbréfi og ósk um þátttöku í verkefninu. Í kynningarbréfi er verkefnið kynnt og auk þess sagt frá því að verkefnið sé styrkt af Rannum. Við gerð þessa netfanga- og skólastjórnendalista voru fengnar upplýsingar frá

Menntamálaráðuneytinu, Kennaraháskóla Íslands og Kennarasambandi Íslands.

Útbúin hefur verið heimasíða þar sem svörun fer fram ásamt tölfræðilegri úrvinnslu. Með þessum hætti er hægt að sjá hverjir hafa tekið þátt og hverjir ekki. Koma í veg fyrir tvískráningu frá einstökum skólum og einfalda skólastjórnendum svörun fyrir sinn skóla.

Í desember verður unnið að frágangsvinnu vegna þessa hluta verkefnisins og listinn væntanlega sendur út til skólanna. Listinn verður í síðasta lagi sendur út í byrjun janúar 2003 en það rúmast innan verk- og tímaáætlunar verkefnisins.

Nú er unnið að lokafrágangi spurningalistans áður en hann verður sendur út til skólanna. Ljóst er að fyrri hluta þessa verkefnis er hlaut styrk fyrir árið 2002 verður ekki lokið fyrir áramót en verkefnisstjóri væntir þess að þeirri vinnu verði lokið fyrir 15. janúar 2003. Eftir það hefst vinna við að fylgja spurningalistanum eftir og fá fram sem besta svörun úr öllum landshlutum. Áætlun hópsins gerir ráð fyrir því að úrvinnsluvinna, skýrslu- og tillögugerð geti hafist í mars ef styrkur fæst til þeirrar vinnu við næstu úthlutun.

Meðfylgjandi eru drög af spurningalistanum er sendur verður út til skólastjórnenda á næstu dögum.

**Akranesi 5. desember 2002.**

**Verkefnisstjóri verkefnisins**

**Könnun á skyndihjálparkennslu í grunnskólum.**

______________________________

**Sigurður Arnar Sigurðsson (sas@grundaskoli.is)**
**040167-5609**
**Grenigrund 1**
**300 Akranes**

**Til Rannsóknarráðs umferðaröryggismála (Rannum)**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**

Efni: Lokaskýrsla fyrri áfanga rannsóknarverkefnis nr. 118941 Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum.

# Lokaskýrsla (fyrri hluti)

Verkefnið Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum (fyrri hluti) er lokið sbr. verk og tímaáætlun í umsókn til Rannum frá 15. mars 2002. Jafnframt vísast í áfangaskýrslu frá 5. desember 2002.

**Tilgangur verkefnis:**

Að gera sem flesta færa um að bregðast rétt við þegar slys eða veikindi koma upp. Að efla vitund einstaklinga um mikilvægi kunnáttu í skyndihjálp sem miðar að því að draga úr kostnaði þjóðfélagsins vegna umferðarslysa.

**Meginmarkmið verkefnis:**

Að kanna hvernig staðið er að skyndihjálparfræðslu í grunnskólum landsins.

**Undirmarkmið verkefnis:**

Að gera úttekt á viðhorfum skólastjóra / kennara gagnvart kennslu í skyndihjálp.
Að kanna þekkingu og vilja kennara í að miðla kennslu í skyndihjálp
Að kanna hvaða kennsluefni verið er að nota.
Að kanna hvaða aðferðir eru notaðar við kennsluna
Að kanna hversu miklum tíma er varið í kennsluna.

Samkvæmt lýsingu á framkvæmd verkefnis sbr. verk- og tímaáætlun átti eftirfarandi verkhlutar að vinnast í fyrri hluta. A til C liður og hluti D liðar fram til 15. janúar.

**A) Uppbygging spurningalista – undirbúningur rannsóknar (apríl – sept 2002)**

Vinna við uppbygginguu spurningalistans hófst á tilsettum tíma. Þessi vinna stóð langt fram eftir hausti og kom fjöldi aðila að þessu verki. Þ.á.m. verkefnisstjóri, Elís Þór Sigurðsson og Sigurjón Jónsson. Starfsfólk innanlandsdeildar aðalskrifstofu Rauða kross Íslands, Aldís Ingvarsdóttir hjá Námsgagnastofnun, Jóhanna Karlsdóttir, lektor í Kennaraháskóla Íslands o.fl.

**B) Skráning á skólum og tengiliðum á hverjum stað (apríl til sept. 2002)**

Skráning skóla var með tvennum hætti. Í fyrsta lagi þá var útbúinn netfangalisti yfir tengiliði í öllum grunnskólum á Íslandi. Þessi vinna tók mun lengri tíma en

fyrirhugað var þar sem engin tæmandi listi var tiltækur hjá menntamálaráðuneytinu né undirstofnunum þess. Í öðru lagi var útbúinn póstfangalisti yfir alla grunnskóla þar sem skólunum var skipt upp eftir svæðum og landshlutum. Við þessa vinnu var fengin aðstoð og upplýsingar frá Menntamálaráðuneytinu, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands og Námsmatsstofnun.

**C) Forprófun könnunar (apríl – okt. 2002)**

Spurningarlistinn var forprófaður með aðstoð nokkurra skólastjórnenda, kennara, RKÍ, KHÍ og Nágagnastofnunar. Mun lengri tími fór í þessa vinnu en fyrirhugað var. Ábendingar voru misvísandi eftir því hvaða aðili átti í hlut og í sumum spurningum var ekki ljóst hvar ætti að stoppa varðandi heimildaöflun. Til dæmis reyndist flókið að ná utan um tiltækt námsefni sem notað er til kennslu í skyndihjálp í grunnskólum.

**D) Spurningalistar sendir út til grunnskóla og vinnu fylgt eftir (nóv.2002-feb. 2003)**

Þar sem fyrri verkliðir höfðu dregist á langinn hófst útsending spurningalista og upplýsinga um könnunina ekki fyrr en í janúar og mun væntanlega ljúka í lok mánaðarins Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skólarnir hafi sent svör sín til baka um miðjan febrúar n.k.

Fyrri hluta verkefnisins er því lokið sbr. fyrirliggjandi áætlun í umsókn til Rannum frá 15. mars 2002. Vinna við seinni hluta er þegar hafin enda tengist fyrri og seinni hluti í eitt verkferli. Samkvæmt verk- og tímaáætlun verkefnisins þá skiptist síðari hluti upp í þrjá hluta A) Spurningalistum fylgt eftir í skólum og reynt að fá sem besta svörun, B) Úrvinnslu svara, skýrslu og tillögugerð, C) frágangur lokaskýrslu og kynning. Seinni hluti verkefnisins á að vinnast á þessu ári og ljúka í árslok ef áframhaldandi fjárveiting fæst til verksins.

Verkefnisstjóri væntir þess að seinni hluti verkefnisins gangi jafn vel og sá fyrri. Það hefur verið ánægjulegt að vinna að þessu verkefni og að finna hversu margir eru jákvæðir gagnvart því og telja mikilvægt að þessi könnun nái fram að ganga. Það sem helst veldur kvíða er að svörun verði ekki nægjanlega góð og mikil vinna fari í að innheimta útsenda spurningalista. Ef marka má reynslu annarra sem unnið hafa með sambærileg verkefni hefur sá þáttur reynst þung raun og svörun jafnvel farið niður fyrir 50%. M.a. vegna þessa eru skólum skipt upp í ákveðnar einingar eða svæði þannig að auðveldara sé að fylgjast með stöðu svörunar og innheimta svarlista.

Meðfylgjandi er áfangsskýrsla frá því í desember, spurningalisti könnunarinnar, ásamt lista yfir þá grunnskóla sem starfa á Íslandi í dag.

**Könnun á skyndihjálparkennslu í grunnskólum**
**Verkefni nr. 118941.**

***Sigurður Arnar Sigurðsson, verkefnisstjóri.***

**4.febrúar 2003.**

## Ágæti viðtakandi.

Meðfylgjandi er spurningalisti sem er hluti af könnun sem nú stendur yfir á vegum Rannsóknarráðs umferðaröryggismála. Eitt af markmiðum könnunarinnar er að greina hversu mikil **skyndihjálp er kennd í íslenskum grunnskólum.** Þess er vænst að niðurstöðurnar efli þátt skyndihjálpar og stuðli að aukinni skyndihjálparkunnáttu almennings. Það er margsannað að rétt viðbrögð vegfarenda á slysstað geta skipt sköpum um líf eða dauða þeirra sem slasast.

Rannsóknarráð umferðaröryggismála var stofnað í lok árs 2001 og eru stofnendur allar helstu stofnanir og félagasamstök er starfa á sviði umferðarmála á Íslandi. Nú þegar hefur ráðið styrkt fjölda rannsóknarverkefna sem öll hafa það að markmiði að bæta umferðarmenninguna, fækka umferðarslysum og draga úr afleiðingum þeirra.

Samkvæmt skýrslum alþjóðlegra stofnana sem starfa á sviðu umferðar- og heilbrigðismála má reikna með að umferðarslys verði eitt af helstu vandamálum mannkyns á komandi árum. Í ársskýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa hefur ítrekað verið bent á að vankunnátta í skyndihjálp og röng viðbrögð vegfarenda hafa valdið skaða í umferðarslysum á Íslandi. Með öflugri fræðslu, menntun og endurmenntun er talið að ráða megi bót á þessu vandmáli. Meðfylgjandi könnun er liður í að finna lausn og efla skyndihjálparmenntun og því mikilvægt að forsvarsmenn grunnskóla svari samviskusamlega spurningalistanum og leggi þannig sitt að mörkum til þess að markið verkefnisins náist.

**Það er því ómetanlegt ef þú gæfir þér tíma til þess að svara meðfylgjandi spurningalista og senda til baka fyrir 15. febrúar n.k. Reikna má með að það taki 10 mínútur að svara þessari könnun. Svör skal senda sem viðhengi á eftirfarandi tölvufang konnun@grundaskoli.is eða með því að velja "reply" og "send."**

**Með þökk fyrir jákvæð viðbrögð,**

**Sigurður Arnar Sigurðsson, verkefnisstjóri.**

# Spurningalisti
# vegna
# könnunar á
# skyndihjálparfræðslu
# í grunnskólum

# Vinsamlegast skráið svar ykkar í GULU rammana.

(Merkið við með krossi þar sem það á við, eða ritið svar ykkar með öðrum hætti. Munið að svara aðeins í gulu rammana.)

## A hluti.

1. Sá sem svarar þessum spurningalista er:

| | |
|---|---|
| | Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri |
| | Fagstjóri/deildarstjóri |
| | Kennari |
| | Leiðbeinandi |
| | Annar starfsmaður |

2. Þessi skóli er:

| | |
|---|---|
| | Í þéttbýli |
| | Í dreifbýli |

## B hluti.

3. Er áhugi fyrir því í þínum skóla að gera skyndihjálparfræðslu góð skil?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

4. Fer fram skipulögð skyndihjálparfræðsla í þínum skóla?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

5. Er skyndihjálp tilgreind í skólanámskrá sem viðfangsefni á þessu skólaári?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

6. Hversu miklum tíma er varið í skyndihjálparfræðslu fyrir nemendur í þínum grunnskóla?

| | | |
|---|---|---|
| 1. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 2. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 3. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 4. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 5. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 6. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 7. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 8. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 9. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| 10. bekkur, | | kennslustundir á skólaárinu |
| Veit ekki. | | |

7. Hvaða námsefni er notað í skyndihjálparkennslu í þínum skóla?

| | |
|---|---|
| | *Við hjálpum.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Við kennum*. Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Skyndihjálp fyrir grunnskóla 2. hluti.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Skyndihjálp og endurlífgun.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| Annað (hvað?) | |
| | Hef ekki yfirsýn yfir námsefnið. |

8. Hvernig hefur tiltækt námsefni í þínum skóla reynst?

| | |
|---|---|
| | Mjög vel |
| | Vel |
| | Sæmilega |
| | Illa |
| | Veit ekki |

9. Nýta kennarar sér útgefnar kennsluleiðbeiningar með námsefninu?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki. |

**10.** Hver eftirtalinna myndbanda hafa verið notuð í skyndihjálparfræðslu í þínum skóla?

| | |
|---|---|
| | *Á neyðarstundu.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Skyndihjálp.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Vörn fyrir þig.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Öryggi á sundstöðum.* Útgefandi Rauði kross Íslands |
| | *Notið höfuðið-notið hjálm.* Útgefandi Námsgagnastofnun |
| | Hef ekki yfirsýn yfir námsefnið |

11. Telur þú útgefið námsefni í skyndihjálp koma til móts við misjafnan aldur og þroska nemenda?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

12. Ef nei, hvað er það sem er ekki við hæfi

| |
|---|
| |

13. Telur þú að skólinn þinn sinni skyndihjálparfræðslu í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki. |

| **C hluti.** |
|---|

14. Hefur skólinn sent kennara á leiðbeinendanámskeið RKÍ í skyndihjálp s.l. þrjú ár?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki. |

15. Ef já,

| | |
|---|---|
| Hve marga? | |

16. Hafa verið haldin skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk í þínum skóla sl. tvö ár?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

17. Hefur verið haldið námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir kennara í þínum skóla?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

18. Telur þú þörf á að halda reglulega (2ja ára fresti) skyndihjálparnámskeið fyrir kennara?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

19. Telur þú þörf á að halda námskeið fyrir kennara í sálrænni skyndihjálp?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

20. Eru kennarar í þínum skóla viljugir /áhugasamir að taka að sér skyndihjálparkennslu?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

21. Hvernig fer skyndihjálparfræðslan fram í þínum skóla (kennsluaðferðir.)

Merktu við fleiri en eitt atriði ef þörf krefur.

| | |
|---|---|
| | Fyrirlestrar |
| | Vinnubókarvinna |
| | Verkleg þjálfun |
| | Heimsóknir |
| | Hópvinna |
| | Vettvangsathuganir |
| Annað | |

22. Hvernig telur þú að leggja ætti námsefnið fyrir nemendur?

Merktu við fleiri en eitt atriði ef þörf krefur.

| | |
|---|---|
| | Fyrirlestrar |
| | Vinnubókarvinna |
| | Verkleg þjálfun |
| | Heimsóknir |
| | Hópvinna |
| | Vettvangsathuganir |
| Annað | |

## D hluti.

23. Telur þú að endurbætt/nýtt námsefni yrði til þess að vægi skyndihjálparkennslu í grunnskólum mundi aukast?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

24. Hvernig telur þú að best sé að kynna nýtt námsefni í skyndihjálp fyrir stjórnendum og kennurum grunnskóla? Besta leiðin fái 1, næsta 2 o.s.frv.

| | |
|---|---|
| | Vefsíða |
| | Dreifibréf |
| | Tölvupóstur |
| | Sýniseintök |
| | Haustþing |
| | Heimsóknir í skóla |
| | Fréttabréf |
| | Kynningarskrá |
| Annað | |

25. Telur þú að skyndihjálp eigi að vera sér þáttur eða hluti af lífsleiknikennslu grunnskóla?

| | |
|---|---|
| | Sér valgrein |
| | Hluti af lífsleiknikennslu |
| | Veit ekki |

26. Telur þú að skyndihjálparfræðsla hafi minnkað, staðið í stað eða aukist eftir að hún var felld undir lífsleiknikennslu samkvæmt námskrá?

| | |
|---|---|
| | Minnkað |
| | Staðið í stað |
| | Aukist |
| | Veit ekki |

27. Telur þú að markviss skyndihjálparfræðsla í grunnskólum geti dregið úr alvarlegum afleiðingum slysa í þjóðfélaginu?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

28. Hvernig telur þú að megi auka kennslu/fræðslu í skyndihjálp í grunnskólum?

| |
|---|
| |

29. Hverjir telur þú helst að eigi að standa fyrir skyndihjálparkennslu í grunnskólum? Merktu við fleiri en eitt atriði ef þörf krefur.

| | |
|---|---|
| | Grunnskólarnir sjálfir |
| | Rauði kross Íslands |
| | Hjálparsveitir/Landsbjörg |
| | Heilsugæslan/hjúkrunarfræðingar |
| Aðrir aðilar (hverjir) | |

30. Telur þú þörf á að skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

31. Telur þú þörf á að sálræn skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

32. Telur þú þörf á aukinni áherslu á skyndihjálparfræðslu í skólakerfinu?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |
| | Veit ekki |

33. Ef já, hverjir ættu að hafa yfirumsjón og vera samræmingaraðilar með slíku átaki í kennslu? Merktu við fleiri en einn lið ef þörf krefur.

| | |
|---|---|
| | Menntamálaráðuneytið |
| | Samband Íslenskra sveitarfélaga |
| | Skólinn/kennarar |
| | Heilsugæslan/hjúkrunarfræðingar |
| | Rauði kross Íslands |
| Aðrir (hverjir) | |

**Munið að vista úrlausn ykkar og senda með í viðhengi**

Vinsamlegast sendið útfyllta könnun á eftirfarandi netfang:

mailto:konnun@grundaskoli.is

*Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna*

# Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla. 1999.* Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla - lífsleikni.* 1999. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla - íþróttir-, líkams- og heilsurækt. 1999*. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

*Anna Þrúður Þorkelsdóttir* fyrrv. form Rauða kross Íslands. Desember 2000.

*Ársskýrsla Rannsóknarnefndar umferðarslysa. 2000. Banaslys í umferðinni árið 1999.* Reykjavík. Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

*Ársskýrsla Rauða kross Íslands 1926-1927*. Reykjavík. Rauði kross Íslands.

*Gjörðabók barnaskóla Akraness 1927 (minnisblað).* Akranesi. Byggðasafnið Görðum.

Guðmundur Þorsteinsson. 2000. *Skyndihjálp og endurlífgun.* Rauði kross Íslands. Reykjavík. Prentsmiðjan Oddi.

Margrét Guðmundsdóttir. 2000. *Í þágu mannúðar. Saga Rauða kross Íslands.* Reykjavík. Steindórsprent Guttenberg ehf.

*Morgunblaðið 27. desember 2003.* Baksíða.

Rauði kross Íslands. 2000. *Minnisblað vegna samstarfssamnings um eflingu skyndihjálpar milli Heilbrigðisráðuneytisins og Rauða kross Íslands des. 2000.* (SAS nr. rki.31.12.00) Reykjavík. Rauði kross Íslands.

Unnur María Sólmundardóttir. 2002. *Passaðu bara píanóputtana.* Skólavarðan 7.tbl. 2.árg. 2002 bls. 20-21. Kennarasamband Íslands. Reykjavík. Guttenberg ehf.